

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnavatnshreppi.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnavatnshreppi skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 5. gr. samþykktar um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Húnavatnshreppi.

2. gr.

Gjald fyrir hreinsun rotþróa fyrir árið 2013 skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2.000 lítra	kr. 13.200 pr. þró
Rotþró 2.001-4.000 lítra	kr. 14.900 pr. þró
Rotþró 4.001-6.000 lítra	kr. 18.200 pr. þró
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 3.600 pr./m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé minni en 50 metrar.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða aukalega kr. 5.500 á hverja losun.

Ofangreind gjöld miðast við byggingarvísitölu, sem var 114,9 stig í nóvember 2012 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir byggingarvísitölu í janúar hvert ár, í fyrsta sinn í janúar 2014.

3. gr.

Seyra er losuð á þriggja ára fresti. Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjalddagi og innheimta rotþróargjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld skv. gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Húnavatnshreppi, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og var samþykkt í hreppsnefnd Húnavatnshrepps 31. október 2012, til að taka gildi við birtingu. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1309/2011.

Húnavatnshreppi, 31. október 2012.

Jens P. Jensen sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2013

Uppfærð gjaldskrá fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnavatnshreppi

Byggingarvísitala nóvember 2013: 114,9

Byggingarvísitala janúar 2018: 136,5

Gjald fyrir hreinsun rotþróa skal vera eftirfarandi:

		2013	2018
Rotþró 0-2.000 lítra	kr.	13.200	15.681
Rotþró 2.001-4.000 lítra	kr.	14.900	17.701
Rotþró 4.001-6.000 lítra	kr.	18.200	21.621
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr.	3.600 pr./m ³	4.277 pr./m ³